

Fundur í náttúruverndarnefnd Þingeyinga 19. október 2016

Fundargerð nr.4-2016

Mættir: Þorkell Lindberg Þórarinsson (formaður), Gréta Bergún Jóhannesdóttir (ritari), Ásvaldur Ævar Þormóðsson og Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir

Fundur hófst kl. 13.00

1. Innsent erindi frá Skútustaðahreppi vegna framkvæmdaleyfis Landsnets í Skútustaðahreppi vegna háspennulínu, Kröflulínu 4, ósk um umsögn.

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga barst beiðni frá Skútustaðahreppi þann 13.10.2016 um umsögn vegna endurnýjaðrar umsóknar Landsnets um framkvæmdarleyfi vegna Kröflulínu 4, sem er háspennulína frá Kröflu um Hólasand og til Þeistareykja. Framkvæmdir eru nú þegar hafnar. Frestur til athugasemda var gefinn til 20.10.2016.

Nefndin fór yfir umsóknina um framkvæmdarleyfið og greinargerð sem henni fylgdi, skoðaði aðalskipulag Skútustaðahrepps auk frummatsskýrslu Landsnets vegna háspennulína (220 kv) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík sem gefin var út í október 2010. Þá var einnig farið yfir álit Skipulagsstofnunar frá 24.11.2010 vegna mats á umhverfisáhrifum umræddrar háspennulínu frá Kröflu að Bakka. Nefndin fjallaði um málið og skrifaði umsögn sem ritara var falið að senda til Skútustaðahrepps.

Þorkell Lindberg kom ekki að afgreiðslu umsagnar vegna þátttöku í rannsóknnum vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og var Sigþrúður Stella því kölluð til fundarins sem hans varamaður.

Fleira ekki rætt. Fundargerð lesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:25